

Af pennalötum sálfræðingum (grein í Degi Tímanum 31. janúar 1997)

Fyrir skömmu birtist í Degi-Tímanum bréf frá Sigurði Guðmundssyni, þar sem farið er lofsamlegum orðum um greinar þær, er birtust um forsjármál í gamla Degi (blessuð sé minning hans) og fleiri fjölmiðlum. Ég átti þar hlut að máli. Því er mér bæði ljúft og skylt að þakka vinsemd í minn garð og stéttarinnar. Ég leyfi mér einnig við þetta tækifæri að þakka fjölda annarra lesenda, sem látið hafa í ljós velþóknun sína, miðlað reynslu sinni og sent mér alls konar efni um eigin reynslu af forsjárdeilum. Jákvæður áhugi mæðra hefur verið einkar uppörvandi.

Vönduð umræða um forsjármál er nauðsynleg og sjálfsögð, en því miður erum við, Íslendingar, óttalegir afturkreistingar. Hliðstæð umræða þeirri, sem vonandi er að skjóta rötum á Íslandi, átti sér stað með grönnum okkar í austri fyrir tveim til þrem áratugum síðan. Væntanlega ber margt til um skýringar. Fjölmiðlafólk hefur brostið kjark til að brjóta forsjár- og barnaverndarmál til mergjar. Fyrrum ritstjórar Dags heitins eru þó ekki undir þá sök seldir. Þeir tóku áskorun. Og nú virðist núverandi ritstjóri arftakans ætla að slást í för. Velkominn, Stefán.

Sálfræðingar íslenskir, sem um daginn var líkt við mýs í opinberu lífi, eiga vissulega hlut að máli, þegar leitað er skýringa á umfjöllunardeyfðinni. Þeir halda sig til hlés. Í eina tíð var þeim nefnilega kennt, að það væri ósiðlegt að gefa í skyn, að þeir kynnu eða gætu sitthvað, er að gagni mætti koma fólki annars staðar en á skrifstofum undir fjögur augu. En ég get glatt bréfitara með, að veður kynnu senn að skipast í lofti. Gagnleg umræða á sér stað um þessar mundir um fjölmiðlun sálfræðilegrar þekkingar innan Sálfræðingafélags Íslands, umræða svipuð þeirri og hófst fyrir rúmum tveim áratugum í Noregi. Það kynni einnig að há íslenskum sálfræðingum, að stéttin er ung, sundurleit og reynslulítill, þó hún geri sér far um að efla sig á alla lund.

Það er stór áskorun að fóta sig í fagmennskunni og varla kyn, þótt sumir okkar líti stundum öfundar- og saknaðaraugum til starfbræðra og –systra handan Atlantsála, sem búa að reynslu margra kynslóða sálfræðinga. Þeir hafa skipað stéttinni skýran virðingarsess, þroskað góða stéttarvitund og skapað ákveðnar hefðir um verklag og vinnubrögð. Til að mynda hafa norskir sálfræðingar markvisst bætt hæfni sína til úrlausnar barnaverndar- og forsjármála um áratuga skeið. Í nýlegri könnun kom í jós, að slíkum málum er að langmestu leyti sinnt af sérfræðingum í klínískri sálfræði, en á Íslandi er fáum (einum tug eða svo) til að dreifa af þeirri tegund.

En víkjum nú aftur að skrifum sálfræðinga. Von mín er sú, að sálfræðingar og skyldar stéttir taki áskorun bréfitara og hristi af sér pennaletina. Á síðustu mánuðum hafa reyndar birst nokkrar prýðilegar greinar um þjónustu (eða öllu heldur sorglegan þjónustuskort) sálfræðinga við ungviðið í skólum landsins og um meðferð fíkla á unglingsaldri. Nýlega birtust svo greinar eftir Valgerði Magnúsdóttur, sálfræðing og félagsmálastjóra á Akureyri, þar sem kynnt var að hluta hin ágæta skýrsla Sigrúnar Júlíudóttur og félaga við Háskóla Íslands um málefni fjölskyldunnar. Greinarhöfundur boðar raunar tímabært fagnaðarerindi, þ.e.a.s. hvetur félaglega stjórnsýslu í landinu til að beita í ríkara mæli vísindum og fræðum í starfi sínu. Þetta hljóta flestir lærðir jafnt sem leikir að geta tekið undir, enda ekki vanþörf á. Því miður verða

Það tíðum örlög afraksturs mikillar fræðivinnu að hverfa í geymslur hins opinbera til ryksöfnunar.

En við erum á réttri leið – ekki satt?